

## LAGABREYTINGAR

### Lagabreyting á 13.gr. laga.

V. kafli. Stjórn.

13. grein.

Skipun.

Stjórn sambandsins skipa ~~5~~ 3 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um ~~tve~~ einn árlega. Árlega skal kjósa ~~þrjú~~ tvo menn í varastjórn og enn fremur tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. Formaður eða varaformaður aðildarfélags **og deilda** eru ekki kjörgengir í stjórn sambandsins. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf.

### Greinargerð:

Stjórn HSV telur að skoða þurfi þann möguleika að fækka stjórnarmeðlimum.

Erfitt hefur reynst að finna fulltrúa í stjórn HSV í gegnum tíðina og er þetta ekki óskastaða en stjórn HSV telur að fagleg vinnubrögð stjórnar geti haldist þrátt fyrir fækkun í stjórn.

Einnig telur stjórn mikilvægt að gæta hagsmuna í stjórnarstarfi, því telur stjórn að mikilvægt sé að taka fram í lögum að formenn eða varaformenn deilda innan aðildarfélaga séu ekki kjörgengir í stjórn.

Vísað til laganeftar sem þingskjal nr. \_\_\_\_\_

---

### Lagabreyting á 11.gr.laga.

IV. kafli. Héraðsþing.

11. grein. Dagskrá þingsins.

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili Héraðssambands Vestfirðinga eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.

7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu.
  - a) Kjörnefnd og aðrar nefndir ef þurfa þykir.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðabreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álitum nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar,
  - a. Kosning formanns.
  - b. Kosning ~~tveggja stjórnarmanna~~ eins stjórnarmanns.
  - c. Kosning ~~þriggja~~ tveggja manna í varastjórn.
  - d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
  - e. Kosning til íþróttáþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem íþróttáþing er haldið.
  - f. Kosning til þings UMFÍ skv. lögum UMFÍ á því ári sem þing þess er haldið
20. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða.

#### **Greinargerð:**

Stjórn HSV telur að skoða þurfi þann möguleika að fækka stjórnarmeðlimum, síðustu ár hefur reynst erfitt að manna stjórn HSV. Geri þarf breytingar á dagskrá ársþings verði lagabreyting 13.gr.laga samþykkt.

Vísað til laganeftdar sem þingskjal nr. \_\_\_\_\_

---

### **Tillaga til breytinga á 13.grein laga HSV.**

Stjórn Kubba íþróttafélags eldri borgara leggur til að 13.grein laga HSV. Falli út og inn komi ný 13.grein, um skipun stjórnar og orðist svo.

#### **13.grein.**

##### **Skipun.**

Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Auk formanns skal stjórn HSV þannig skipuð að hvert aðildarfélag, sem hefur 150 eða fleiri skráða félaga skipi einn mann í stjórn sambandsins til tveggja ára. Heimilt er félaginu að skipa varamann. Ekki er heimilt að kjósa formann úr skipuðum fulltrúum félaga í stjórn HSV. Skipun félags á stjórnarmanni skal send stjórn HSV eigi síðar en 7 dögum fyrir boðað ársþing. Í upphafi skal dregið um hvaða stjórnarmenn verði til eins árs og hverjir til tveggja ára. Verði breyting á félagatali aðildarfélags breytist skipun í stjórn HSV á næsta ársþingi. Heimilt er stjórn HSV, að skipa úr kjörnum og/eða skipuðum fulltrúum þriggja manna framkvæmdastjórn.

##### **Greinargerð.**

Með breytingu þessari á 13.grein laga HSV, er það sett í hendur aðildarfélaganna, að skipa í stjórn HSV. Ef félögin eru virk ætti ekki að vera erfitt að finna einn mann til að sitja í stjórn til 2ja ára. Vissulega yrði þetta stórstjórn, en heimild til skipunar framkvæmdastjórnar, ætti að auðvelda starfið ekki síst ef í upphafi yrði sett niður ákveðið fundarplan, bæði stjórnar og framkvæmdarstjórnar, sem ætti þó ekki að koma í veg fyrir að aukafundir stjórnar yrðu haldnir ef þörf þykir.

Verði tillaga þessi samþykkt þarf að fresta þingi HSV, þegar 18.lið dagskrár samkvæmt 11.grein laga HSV er lokið, svo félögin hafi svigrúm til tilnefningar í stjórn HSV (frestun yrði 7 til 10 dagar eftir ákvörðun þingsins). Sömuleiðis yrði að gera breytingu á 11.grein laga HSV þá fyrst og fremst á 19. lið greinarinnar.

### **Kubbi íþróttafélag eldri borgara, Ísafjarðarbæ.**

Vísað til laganeftar sem þingskjal nr. \_\_\_\_\_

---

### **Tillaga til breytinga á 11.grein laga HSV.**

#### **19.liður 11.greinar laga HSV. breytist þannig.**

- a. Kynnt tilnefning aðildarfélaga í stjórn.
- b. Kosning formanns.
- c. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.

- d. Kosning til íþróttáþings skv. lögum ÍSí á því ár er íþróttáþing er haldið.
- e. Kosning til þings UMFÍ skv.lögum UMFÍ á því ári sem þing þess er haldið

### **Greinargerð.**

Flutningur þessara tillögu er því aðeins nauðsynlegur ef breyting verður gerð á 13.grein laga HSV.

### **Kubbi íþróttafélag eldri borgara, Ísafjarðarbæ.**

Vísað til laganefundar sem þingskjal nr. \_\_\_\_\_

---

### **Tillaga til breytinga á 11.grein laga HSV.**

Sigurður Hreinsson leggur til breytingu á 19 lið 11.greinar laga, hugmyndin var rædd á formannafundi HSV þann 8. maí

#### **11 grein.**

#### **Dagskrá þingsins.**

Undir 19. Kosningar bætist við liður: g. Kosning 3ja manna uppstillingarnefndar

19. Kosningar,

- a. Kosning formanns.
- b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
- c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
- d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
- e. Kosning til íþróttáþings skv. lögum ÍSí á því ári sem íþróttáþing er haldið.
- f. Kosning til þings UMFÍ skv. lögum UMFÍ á því ári sem þing þess er haldið
- g. **Kosning 3ja manna uppstillingarnefndar**

Við bætist ný grein nr 18. sem hljóðar svo:

#### **18. grein**

Uppstillingarnefnd starfar í aðdraganda Héraðsþings. Nefndin hefur það hlutverk að tala við einstaklinga á starfssvæðinu og sjá til þess að næjanlegt framboð sé af fólki til að starfa í þeim embættum sem kosið er til á héraðsþingi HSV. Nefndin skiptir með sér verkum og skal starfa og vera í sambandi við stjórn HSV síðasta mánuðinn fyrir héraðsþing.

núverandi 18, 19, 20, 21 og 22 grein hækka allar um einn.

Vísað til laganefundar sem þingskjal nr. \_\_\_\_\_